



**Ávarp forseta Íslands,
Ólafs Ragnars Grímssonar
við opnun íslenskrar bókasýningar
11. febrúar 1997**

Heiðruðu gestir,

Fyrir þúsund árum þegar Íslendingar sóttu heim konunga Noregs var háttur þeirra að færa fram skáldskap gestgjöfum til heiðurs og heilla. Dýrt var þá kveðið og fagurt.

Það er í anda þessarar hefðar að á upphafsdegi heimsóknar okkar til Noregs sé opnuð sýning á íslenskum úrvalsverkum, bæði nútímaútgáfum á verkum Snorra Sturlusonar og öðrum Íslendingasögum fornum, á skáldverkum ungra höfunda sem eru að skapa nýtt blómaskeið í íslenskum bókmenntum og á barnabókum sem íslensk æska hefur hafið til vegs á undanförunum árum.

Hér eru einnig til sýnis dýrgripir í íslenskri prentlist og bókagerð þar sem náttúru landsins er sungið lof og dýrð. Fjöllin, fossarnir, jöklarnir, eldsumbrotin, fegurð víðáttunnar og einnig hins smæsta litrófs í fjöru og í túngarði birtast okkur í túlkun fremstu ljósmyndara landsins og í gæðabúningi íslensks prentverks.

Ég hef stundum sagt að þó kennt sé í helgri bók að guð hafi skapað heiminn á sex dögum og hvílt sig á hinum sjöunda, þá er það ekki alls kostar rétt. Hann gleymdi nefnilega Íslandi. Og heima hjá okkur hefur sköpun heimsins haldið áfram með miklum krafti. Við fengum enn eina sönnun þess í haust þegar eldgos hófst undir Vatnajökli.

Hið mikla sjónarspil náttúrunnar er í reynd líkt og í skáldskapnum, fornum og nýjum, það sem færir okkur Íslendingum sjálfsvitund og ást á ættjörðinni.

Það er okkur mikil ánægja að bjóða norskum frændum og vinum til dálítillar bókaveislu í miðborg Óslóar. (innskot)

Ég þakka útgefendum og prentfyrirtækjum á Íslandi og bókaversluninni hér í Óslo fyrir að gera þessa sýningu að veruleika.

Það er mér mikill heiður að lýsa hana hér með opna.